

Mál nr. 7/2010

**M
og
váttryggingafélagið X v/ slysáttryggingar ökumanns.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysáttryggingu ökumanns.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 13.1.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.2.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 13.2.2005 ók málskotsaðili M bifreið suður Drottningarbraut á Akureyri við Leirutjörn. Við ræsi yfir veginn valt bifreiðin ofan í tjörnina. Á vettvangi er haft eftir M í lögregluskýrslu að hann hefði snöggreiðst og því ákveðið að aka út af veginum til að ná stjórn á skapi sínu. Hafi hann ekið svolítinn spöl utan vegar áður en hann kom skyndilega að ræsinu. Hann hafi hemlað og reynt að sveigja frá, en það hafi ekki tekist og hann ekið út í tjörnina. Hann hafi kastast til inni í bifreiðinni, enda ekki með öryggisbelti spennt. M kenndi sér meins í hálsi, hendi og fæti og var hann fluttur á slysadeild FSA til aðhlyningar.

Í læknisvottorði kemur fram að við komu á slysadeildina hafi verið tekin þvagprufa hjá M sem hafi verið jákvæð fyrir bensodiazepam lyfjum. Einnig kemur fram í læknisvottorðinu að M hafi útskrifað sig af geðdeild FSA þann 10.2.2005 gegn ráðleggingum geðlækna, en hann hafi sætt nauðungarvistun á deildinni frá 19.1.2005. Frá miðju ári 2004 hafi M átt við alvarlegrar geðraskanir að stríða. Í sérstöku vottorði sama lækni segir að bensodiazepam lyf skiptist fyrst og fremst í róandi og kvíðastillandi lyf og svefn og róandi lyf auk flogaveikilyfja. Kvaðst lækniinn engar upplýsingar hafa um næmi eða sértæki umrædds þvagprófs, en væntir þess að “mælilyf í framangreindum flokkum og jafnframt að prófið sé ekki ætlað til að leggja mat á magn eða styrk efnanna í þvagi, einungis að prófið meti hvort efnin séu greinanleg.”

Bifreiðin var váttrygð hjá váttryggingafélaginu X, þ. á m. lögmæltri slysáttryggingu ökumanns. M hefur krafist bóta úr slysáttryggingunni vegna líkamstjóns síns. X hefur fallist á bótaskyldu sína að 2/3 hlutum, en hafnað bótum að 1/3. Telur X að akstur M í umrætt sinn hafi farið í bága við 1. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem mælt er fyrir um að ökumaður skuli vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Ennfremur telur X að M hafi brotið gegn 2. mgr. sömu gr. þar sem kveðið er á um það að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann vegna veikinda, hrörnnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Með háttsemi sinni hafi X valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi og því beri að skerða bætur um 1/3 með vísan til gr. 6.1 í skilmálum félagsins frá 4.2.2005. M hefur ekki sætt sig við þessa skerðingu bótanna.

Álit.

Samkvæmt fyrrgreindri þvagprufu og þeim útskýringum lækni sem liggja fyrir um gildi niðurstöðu prufunnar þykir ekki nægilega sannað að M hafi í umrætt sinn verið undir þeim áhrifum lyfja að hann hafi ekki verið fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Þótt M hafi um alllanga hríð átt við geðræn vandamál að stríða liggur ekki fyrir í málinu neitt mat eða sönnunargögn af öðru tagi sem sýna fram á að hann hafi sökum veikindanna verið ófær til að aka bifreiðinni. Þótt M hafi snögglega fyllst reiðikasti, eins og hann segir sjálfur frá, og af þeim

sökum ekið út fyrir veginn verður heldur ekki fullyrst að hann hafi af þeim sökum verið ófær til að stjórna bifreiðinni þannig að virt verði honum til sakar. Á það ber að líta að hann ók bifreiðinni út fyrir veginn í því skyni að ná stjórn á skapi sínu. Að virtu því sem hér hefur verið rakið þykja ekki alveg nægilegar sönnur að því leiddar að M hafi verið ófær til að stjórna bifreiðinni í umrætt sinn þannig að virt verði honum til stórkostlegs gáleysis. Eru því ekki fyrir hendi skilyrði til að skerða bótarétt hans úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 23. febrúar 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.